3. kafli: Um vaktavinnu

3.1. Vaktavinna

3.1.1. Heimilt er að láta vinna á vöktum alla daga vikunnar. Sé eingöngu unnið á vöktum fimm daga vikunnar innan tímamarka kl. 17:00 - 08:00 skal vinnuvikan aðeins vera 38 klst. Þá er heimilt að láta vinna á hálfum vöktum, 20 klst. vinnuviku (19 klst. þar sem vinnuvikan er 38 klst).

3.1.2. Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst. og eigi skemmri en 3 klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild og ber atvinnurekandi greiðsluskyldu fyrir allan vaktatímann, nema starfsmaður óski eftir að taka sér frí.

3.1.3. Sé starfsmaður ráðinn til vaktavinnu, skal það koma fram í ráðningarsamningi hans eða með skriflegu samkomulagi. Ráðningarsamningur gerir ráð fyrir starfshlutfalli í samræmi við vaktatöflu sbr. gr. 3.1.5.1. eða 3.1.5.2. næstu 4 eða 2 vikur frá ráðningu. Gert skal ráð fyrir að því starfshlutfalli megi breyta með samkomulagi starfsmanna og fyrirtækis með viku fyrirvara til minnst tveggja eða fjögurra vikna í senn.

3.1.4. Greitt er vaktaálag fram að 100% starfi

Með vöktum er í samningi þessum átt við fyrirfram ákveðna vinnutilhögun starfsfólks. Tímalengd vaktar skal tilgreina í vaktaskrá, m.a. með tilliti til upphafs og endis vaktar. Vinnu umfram tilgreindan vinnutíma samkvæmt vaktaskrá skal greiða með vaktaálagi fyrir vinnu utan dagvinnutímabils skv. gr. 3.2.1, álag á frídögum skv. gr. 3.2.2. til 3.2.3. í kjarasamningi eftir því sem við á fram að 40 stundum á viku að jafnaði og yfirvinnukaup skv. gr. 3.2.4. eftir full vinnuskil.

3.1.5. Vaktaskrá

3.1.5.1. Vaktir skulu skipulagðar fyrir 4 vikur í senn og vaktaskrá kynnt að minnsta kosti viku áður en hún á að taka gildi.

3.1.5.2. Þar sem starfsemi byggist að verulegu leyti á starfsmönnum í hlutastörfum er heimilt að ákveða vaktir fyrir skemmri tíma, en þó ekki til skemmri tíma en tveggja vikna enda komi það fram í ráðningarsamningi að starfsmaður sé samþykkur því fyrirkomulagi.

3.1.5.3. Vaktaskrá skal hanga uppi þar sem starfsfólk á greiðan aðgang að henni.

3.1.5.4. Boðun aukavakta

Aukavaktir skal boða með eins góðum fyrirvara og við verður komið.

3.2. Álag á dagvinnukaup

3.2.1. Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu að meðaltali á viku, sem fellur utan dagvinnutímabils:

33% álag á tímabilinu kl. 17:00 til kl. 24:00 mánudaga til föstudaga.

45% álag á tímabilinu kl. 00:00 til kl. 08:00 alla daga svo og laugardaga og sunnudaga.

3.2.2. Álag á helgidögum

Vinna á skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag greiðist með 45% álagi á dagvinnukaup.

3.2.3. Álag á stórhátíðardögum

Vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag og gamlársdag eftir kl. 12:00 greiðist með 90% álagi á dagvinnukaup.

3.2.4. Yfirvinnukaup

Fyrir vinnu umfram 40 stundir (38 stundir sé daglegur vinnutími á tímabilinu kl. 17:00 til 08:00) að meðaltali í vaktavinnu á viku skal greiða yfirvinnukaup.

3.2.5. Hafi verið gert samkomulag um breytt fyrirkomulag álagsgreiðslna skv. gr. 5.12. í kjarasamningi gildir það í stað vaktaálaga skv. gr. 3.2.1. og gildir það jafnt um þá starfsmenn sem við störf eru þegar samningur er samþykktur skv. ákvæðum þessa kafla sem og þá sem síðar ráðast til starfa.

3.3. Neysluhlé í vaktavinnu

3.3.1. Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.

3.4. Vetrarfrí vegna vinnu á helgidögum

3.4.1. Starfsmenn, sem vinna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf, fyrir helgi- og tyllidaga skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2., sem falla á mánudaga til föstudaga.

3.4.2. Sé vinnustaðnum lokað á ofangreindum dögum eða frí veitt dregst samsvarandi dagafjöldi frá aukafrídögunum, nema hjá starfsmanni sem á inni áunnið vaktafrí. Atvinnurekandi skal tilkynna veitingu vetrarfrís með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

3.4.3. Vetrarfrídagar skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við október til október.

3.4.4. Heimilt er með samkomulagi veitingamanns og starfsmanns að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Afleysingafólk fái áunna vetrarfrídaga gerða upp við starfslok.

Skýringarkassi vegna vetrarfría

Meginreglan er að starfsmenn taki launað vetrarfrí.

Heimilt er með samkomulagi atvinnurekanda og starfsmanns að viðhafa aðra uppgjörsreglu vegna sérstakra frídaga/stórhátíðardaga hjá vaktavinnufólki.

Í stað vetrarfría er heimilt að greiða vaktavinnufólki 8 klst.

dagvinnu (m.v. fullt starf) fyrir hvern sérstakan frídag/stórhátíðardag sem lendir á virkum degi. Hlutastarfsfólk fær greitt í samræmi við starfshlutfall.

Greiðslureglan á bæði við þegar starfsmaður vinnur frídag/stórhátíðardag (á virkum degi) og þegar starfsmaður er í áunnu vaktafríi (á virkum degi) og hefur þar með skilað fullri vinnuskyldu m.v. starfshlutfall.

Rétturinn til greiðslu fer því ekki eftir því hvort að starfsmaður vinnur á sérstaka frídeginum/stórhátíðardeginum heldur því hvort hann hefur skilað fullri vinnuskyldu í þeirri viku sem um ræðir m.v. starfshlutfall.

Sjá fylgiskjal á bls. 85 um vetrarfrí vaktavinnufólks.

Bókun um helgarfrí vaktavinnufólks

Vöktum skal hagað þannig að fastráðnir starfsmenn sem eru með skipulagðar vaktir á virkum dögum og um helgar eigi helgarfrí a.m.k. þriðju hverja helgi að meðaltali þegar litið er til næstliðinna þriggja mánaða.